





**FORSENDUR**

Deiliskipulag af smábátahöfn í Sandgerðisbót var fyrst gert árið 1986.
Samþykkt í bæjarstjórn 9. sept. 1986.

Árið 2002 var gerð breyting á skipulaginu vegna fyrirhugaðrar staðsetningar skolphreinsistöðvar á fyllingu norðan smábátahafnarinnar.
Samþ. í bæjarstjórn 17. des. 2002.

Deiliskipulagið var endurskoðað 2009.

Unnið hafði verið að úrbótum á frárennslismálum á Akureyri með það að markmiði að uppfylla skilyrði mengunarvarnarreglugerðar um mengun sjávar. Bygging hreinsistöðvar í Sandgerðisbót er lokaáfangi þess verks.

**MARKMIÐ**

Megintilgangur breytingarinnar sem hér er gerð, er að laga lóðina betur að þörfum starfseminnar sem þar á að fara fram.
Huga þarf að aðgengi óviðkomadi að lóðinni og plássþörf hreinsistöðvar á skolpi til lengri framtíðar. Bæði hvað varðar mannvirki ofanjarðar og neðan, en einnig fyrir hugsanlegar setlaugar.

**SKÝRINGAR**

- Grjótgarður er teiknaður í rétta stærð eins og hann er.
- Lóð stækkar að sama skapi.
- Nýtingarhlutfall fært úr 0,33 í 0,31
- Stígur meðfram grjótgarði er felldur út og göngustígur færður á réttan stað samkv. loftmynd og breikkaður í rétta breidd.
- Byggingarreitur 1. áfanga færist til og byggingarreitur 2. áfanga stækkar.
- Aðkoma og bílastæði eru í samræmi við forhönnun verksins sem nú liggur fyrir.
- Opið svæði næst smábátahöfn er leiðrétt og sýnt sem Opið svæði – hafnarsvæði í samræmi við aðalskipulag.

**SKILMÁLAR**

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 fellur skolphreinsivirki frá íbúðabyggð eða iðnaði, þ.m.t. stöðvum með þaulnýtnum landbúnaði utan verndarsvæða, í flokk A.
Framkvæmdin er matsskyld samkv. tölulið 11.04 í 1. viðauka laganna um „skolphreinsivirki frá íbúðabyggð eða iðnaði, (...) með afkastagetu sem svarar 50.000 persónueininga eða meira“.

- Ef vöktunaráætlun sýnir fram á að ástand viðtakans sé ekki viðunandi skal Norðurorka bregðast við því með viðeigandi ráðstöfunum.
- Viðurkenndur síubúnaður verður settur í hreinsistöðina sem hreinsar allt loft sem frá henni fer í samræmi við mótvægisaðgerðir í umhverfisskýrslu.

Lóð fyrir hreinsistöð:

- Á lóðinni má byggja hús á einni hæð auk neðanjarðarmannvirkja fyrir hreinsistöð á skólpi. Hámarkshæð húss er 8 m.
- Helstu stærðir:
- Lóð: 11468,1 m²
- Byggingarreitur: 5434.3 m², þar af fyrsti áfangi 1606.4 m²
- Nhl = 0,31
- Bílastæði: 4
- Heimilt er að girða lóðina af, en þó ekki nær grjótvarnargarði en sem nemur einum metra.

**SKÝRINGAR TÁKNA:**

Mörk deiliskipulags
Mörk hafnarsvæðis
Lóðamörk
1H — Byggingarreitur hæðafjöldi
Áfangamörk bygginga
Kvöð um lagnir í jörð
Grjótgarður
Uppsátur
Löndunarbryggja
Flotbryggja
Sorpgeymsla
Veitumannvirki
Gata-bílastæði
Gangstétt - gangstígur
Göngustígur
Núverandi hús á skipulagssvæðinu
Núverandi hús sem víkja
Opið óbyggt svæði
Opið svæði - hafnarsvæði
Sjór - vatn
4 — Húsnúmer
3066m² — Lóðastærðir
NHL:0,33 — Nýtingarhlutfall
Landfylling
Núv. strandlína sem breytist
Útrásarlögn frá hreinsistöð

Skipulagssvið Akureyrarbæjar

# SANDGERÐISBÓT

## ÓSEYRI 33, Hreinsistöð
## DEILISKIPULAGSBREYTING 2017



Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 m.s.br.

Mkv. 1:10.000

Deiliskipulagsbreytingu þessari fylgir umhverfisskýrsla,
Hreinsistöð fráveitu á Akureyri
unnin af Eflu verkfræðistofu í febúar 2017
Í skýrslunni er lagt mat á áhrif framkvæmda á eftirfarandi þætti:
Landnotkun, viðtakann og lyktarónæði.

| *Umhverfisþættir* | *Umhverfisáhrif* | *Mótvægisaðgerðir og vöktun* |
|---|---|---|
| Landnotkun | Skólpi verður ekki lengur dælt óhreinsuðu 90 m út í hafið, heldur verður það grófhreinsað og dælt um 400 m langa útrás út á 40 m dýpi. Grófa efninu sem hreinsað er frá verður pakkað og það svo urðað. Við þetta minnkar það rusl sem berst út á sjó og fjörur verða hreinni. Þá dregur einnig úr magni saurkóligerla við strendurnar þar sem þynningar-svæðið er lengra frá landi. Þetta ætti að hafa jákvæð áhrif á sjávartengda ferðamennsku. | Vöktunaráætlun hefur verið sett í gang, þar sem fylgst verður grannt með áhrifum mengunar í viðtakanum. Frágangur hreinsistöðvarinnar á landi verður sem snyrtilegastur. Hreinsistöðin verður girt af á landi. Útrásin verður 400 m löng og nær út á 40 m dýpi. |
| Viðtakinn | Viðtakinn mun ekki lengur taka við grófa efninu, heldur mun hreinsuðu skólpi vera dælt út 400 m frá landi miðað við 90 m nú. | Vöktunaráætlun hefur verið set í gang, þar sem fylgst verður grannt með áhrifum mengunar í viðtakanum. Þegar vöktunar-áætlun fyrir allt landið vergna uppsöfnunar efna í seti verður tilbúin, verður vöktunaráætlun Norðurorku uppfærð í samræm við þá áætlun. Norðurorka fylgist með dreifing saurkólígerla með ströndinni o við útrásir. Núverandi útrásar-lögn verður nýtt sem neyðarútrás. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar mun liggja fyrir áður en starfsleyfi er gefið út. Hönnun hreinsistöðvarinnar gerir ráð fyrir frekari hreinsun í síðari áföngum. |
| Lyktarónæði | Ef enginn hreinsibúnaður er settur upp fyrir lyktarónæði, hæg norðanátt fært ólykt frá hreinsistöðinni yfir bæinn. | Viðurkenndur síubúnaður verður settur í hreinsistöðina, sem hreinsar allt loft sem frá henni fer. |

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

frá 24. feb. 2017 til 7. april 2017

var samþykkt í bæjarstjórn hinn 2. maí 2017

Eftir auglýsingu tillögunnar var bætt inn texta um heimild til að girða lóðina af.

Akureyri, ______ 2017

[signature] BÆJARSTJÓRINN AKUREYRI

Bæjarstjóri

Gildistaka auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

1. júní 2017

Gísli arkitekt

Löngumýri 36 - 600 Akureyri - sími: 462 6727 - 821 5021 - netfang: gisli@gisli-arkitekt.is

Mkv. A2 1:1000 A4 1:2000 Dags. 27.apríl 2017